



Fréttatilkynning

18 October 2021 17:13:00 GMT

Standard og Poor's staðfestir lánshæfismat Arion banka, BBB og horfur áfram stöðugar

Alþjóðlega lánshæfismatsfyrirtækið Standard & Poor's hefur staðfest lánshæfismat Arion banka til langs tíma, lánshæfismatið verður áfram BBB horfur áfram stöðugar.

Helstu athugasemdir frá Standard & Poor's:

- Gert er ráð fyrir að Arion banki verði áfram með öfluga eiginfjárstöðu og sterk lausafjárhlutföll. Afkoma bankans verði studd af auknu kostnaðarhagræði, stýringu fjármögnunarkostnaðar, sterkum lánavexti á grundvelli aukinnar spurnar eftir íbúðalánunum, umsvifum á fyrirtækja- og fjárfestingabankasviði og virkni á fjármagnsmörkuðum.
- Þrátt fyrir að Arion banki sé í góðri stöðu til að njóta góðs af jákvæðri þróun í íslensku efnahagslífi næstu tvö árin, endurspeglar stöðugar horfur áframhaldandi óvissu varðandi afleiðingar heimsfaraldursins og þróun ríkisfjármála og peningastefnu.
- Helstu áhættur liggja í lánveitingum til ferðaþjónustu og atvinnuhúsnæðis. Einnig gæti krefjandi rekstrarumhverfi og samkeppni dregið úr arðsemi. Jafnframt er það mat S&P að lánasafn Arion banka skorti landfræðilega fjölbreytni, þar sem bankinn starfi nær eingöngu á Íslandi og sé þannig háður sveiflukenndu íslensku hagkerfi.

Vinsamlegast beinið fyrirspurnum til:

Eiríks Magnúsar Jenssonar, forstöðumanns fjárstýringar, eirikur.jensson@arionbanki.is, s. 856 7468 eða Theodórs Friðbertssonar, forstöðumanns fjárfestatengsla Arion banka, ir@arionbanki.is, s. 856 6760

Viðhengi

[Standard og Poor's staðfestir lánshæfismat Arion banka, BBB og horfur áfram stöðugar RatingsDirect ArionBank 49596477 Oct 18 2021](#)